

1950

10

10
14. febr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Gjört að Bessastöðum, 14. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

11

14. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsgr. 83. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

2. gr.

84. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913, um forðagæzlu, og lög nr. 32 frá 8. sept. 1931, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Gjört að Bessastöðum, 14. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jón Pálmason.

12

14. febr.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1950 skal koma saman tíunda dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört að Bessastöðum, 14. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.